

REGLUR
um innanhússfjarskiptalagnir.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar eru tæknilega hlutlausar og taka til frágangs á innanhússlögnum fyrir fjarskipti, þ.m.t. inntaks fyrir fjarskiptastrengi, í íbúðar- og atvinnuhúsnæði og heimilda til aðgangs að lögnunum.

Heimilt er að víkja frá reglum þessum með samþykki húseiganda. Þó er óheimilt að víkja frá reglum þessum um atriði er varða:

- a. Jafnræði fjarskiptafyrirtækja.
- b. Aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússlögnum.
- c. Inntak fjarskiptastrengja.
- d. Vernd gegn hnjaski og óviðkomandi aðgangi.

2. gr.

Markmið.

Markmið með reglunum er að tryggja vernd fjarskipta með því að stuðla að vönduðum frágangi innanhússlagna sem koma á í veg fyrir misnotkun á fjarskiptaþjónustu og tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja að því er varðar aðgang að innanhússlögnum.

3. gr.

Orðskýringar.

Atvinnuhúsnæði: Húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelur, sækir þjónustu og þar sem hvers konar atvinnustarfsemi fer fram, sbr. lög nr. 75/2000, um brunavarnir.

Fjölbýlishús: Hvert það hús sem í eru tvær eða fleiri íbúðir sem hafa sameiginleg rými, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Greinikassi: Kassi staðsettur milli inntaks og séreignar eða annars afmarkaðs svæðis í byggingu þar sem fjarskiptalögn er greind í tvær eða fleiri greinar.

Húskassi: Lokanlegur skápur eða kassi sem hýsir inntak heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna.

Innanhússlagnir: Hvers konar smáspennulagnir innanhúss þ.m.t. strengir, rör, stokkar, kapalstigar, kapalbakkar, greinikassar og tenglar fyrir almenna fjarskiptaþjónustu þ.m.t. hljóð- og sjónvarp.

Inntak: Staður þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu og tengist innanhússlögnum. Um er að ræða efnislegan nettengipunkt þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Staðsetning nettengipunkts að því er varðar þessar reglur er fyrsti tengipunktur fyrir innan útvegg, nánar tiltekið í tengingu milli tengilista á strengenda fjarskiptafyrirtækja og tengilista fyrir innanhússlagnir.

Sameign: Allir þeir hlutar húss, bæði innan og utan, og lóðar sem ekki eru ótvírætt í séreign, svo og öll kerfi, tækjabúnaður, lagnir og tilfæringar sem þjóna aðallega þörfum heildarinnar eða hluta hennar með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt er að allir eigendur eða eftir atvikum tiltekinn hópur þeirra beri kostnað og áhættu af þeim, sbr. lög um fjöleignarhús.

Splæsiting: Tenging ljósleiðaraþráða þar sem þeir eru fasttengdir saman með smellutengi, bræðslu eða á sambærilegan máta.

Tengilisti: Röð tengla eða tengja þar sem strengur er greindur sundur svo aðgangur fáiast að hverjum þræði hans.

Útvarpsmerki: Merki sem ætluð eru til móttöku í sjónvarps- og hljóðvarpsviðtækjum, án þess að breyta þurfi merkjunum.

4. gr.

Ábyrgð á lögnum.

Húseigendur eru ábyrgir fyrir innanhússlögnum fyrir fjarskipti frá nettengipunkti. Byggingarfulltrúi samþykkir teikningar af fjarskiptalögnum og hefur eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktar teikningar af nýbyggingum. Húseigendur bera ábyrgð á öllu viðhaldi, breytingum og endurnýjun innanhússlagna. Húseigendur bera ábyrgð á því að heildstæði almennra fjarskiptaneta raskist ekki af tengingu þeirra við innanhússlagnir.

5. gr.

Jafnræði.

Við hönnun og uppsetningu innanhússlagna skal þess gætt að öll fjarskiptafyrirtæki geti átt þess jafnan kost að veita notendum þjónustu og að notendur geti valið mismunandi fjarskiptafyrirtæki til að veita sér þjónustu.

6. gr.

Frágangur fjarskiptalagna.

Í nýbyggingum og við meiriháttar endurbætur á húsnæði skal innanhússlögn sem lögð er vera hæf til að bera háhraða gagnaflutningsþjónustu.

Frágangur innanhússlagna skal vera í samræmi við viðurkennda og viðeigandi ÍST-staðla sem í gildi eru á hverjum tíma.

Í raðhúsum og parhúsum skal að jafnaði vera sérstakt inntak fyrir hverja húseiningu og í fjölbýlishúsum fyrir hvern stigagang. Þó jarðstrengur sé tekinn inn við einn stigagang eða eina

húseiningu og hann framlengdur innan útveggja, milli stigaganga eða húseininga, skal útbúa sérstakt inntak fyrir hvern stigagang eða húseiningu. Nettengipunktur hvers stigagangs eða húseiningar er þá staðsettur við slíkt inntak.

Fjarskiptastrengir frá inntaki, tenging frá endabúnaði þráðlausra sambanda í inntak og strengir frá inntaki að séreign hvort sem þeir eru í röllum, festir á kapalstiga eða liggja í bökkum skulu vera í sameignarhluta allra bygginga þar sem eru fleiri en einn áskrifandi að fjarskiptaþjónustu.

Ef lagnir í eldri byggingum liggja frá inntaki til séreignar um aðra séreign skal ganga frá ídráttar- og tengidósum með því að skrúfa á þær lok. Öðrum en fjarskiptafyrirtækjum, iðnmeisturum sem hafa réttindi til að vinna við fjarskiptalagnir og starfsfólki þeirra er óheimilt að opna slíkar dósir.

Strengir frá inntaki að greinikössum eða að fyrsta tengli í séreign skulu vera í röllum, eða öðrum lagnaleiðum svo sem stigum eða stokkum. Ef nota þarf millidráttdósir í löngum strengjalögnum skulu dósirnar vera staðsettar í veggjum í sameign sé þess kostur.

Lagnir fyrir innanhússdreifingu útvarpsmerkja, þ.e. loftnetskerfi, skulu aðgreindar frá öðrum fjarskiptalögnum að öðru leyti en því að nota má sama kapalstiga og bakka. Ljósleiðara fjarskiptafyrirtækis má tengja í inntak en tengja skal útvarpsmerki sem flutt eru á ljósleiðaranum yfir í annan kassa og þaðan til séreigna um útvarpskerfi byggingarinnar.

Fjarskiptalagnir, aðrar en ljósleiðaralagnir, skulu ávallt vera aðskildar frá raflögnum og lögnum fyrir dyrásíma og annað innanhússeftirlit og stýringar.

Þegar símstöð eða annar búnaður sem tilheyrir almennu fjarskiptaneti er staðsettur í byggingu þar sem einnig eru notendur fjarskiptaþjónustu skal staðsetja inntak notendamegin við þann búnað sem tilheyrir almennu fjarskiptaneti og ekki í sama rými sé þess kostur.

7. gr.

Inntak fjarskiptastrengja.

Í hverri byggingu skal vera inntak fyrir fjarskiptastrengi. Ef bygging er tengd þráðlausum samböndum skal gengið frá aðgangi að endabúnaði þeirra á sama hátt og um inntak væri að ræða. Frágangur á inntaki fjarskiptastrengja er á ábyrgð húseiganda.

Í fjölbýlishúsum skal staðsetja inntak fjarskiptastrengja í lokuðu rými í sameign, á traustum vegg sem að jafnaði skal vera burðarveggur eða einangraður útveggur. Í inntaki má ekki tengja aðra strengi en fjarskiptastrengi. Sé raflögn að inntakinu, svo að hægt sé að koma fyrir í því virkum fjarskiptarásnum, skal það jarðtengt. Inntak skal einnig vera jarðtengt séu heimtaugar og innanhússlagnir úr rafleiðandi efnum.

Í nýbyggingum fjölbýlis- og atvinnuhúsnaðis skal tengja strengenda heimtaugar í tengilista við inntak sem innanhússlögn tengist með tengisnúru.

Í öðrum húseignum en greinir í 3. mgr. 7. gr. má, Mmeð samþykki húseiganda, -er heimilt að
víkja frá 3. mgr. 7. gr. með því að splæsítengja strengenda heimtaugar við innanhússlögn í
inntaki ef tveir eða fleiri þræðir innanhússlagnar liggja frá inntaki inn í hverja íbúð.- Gengið

skal frá aukapræði innanhússlagnar þannig að hann sé aðgengilegur öðru fjarskiptafyrirtæki, t.d. með því að staðsetja hann í tengilista eða koma honum fyrir í tengisnúru sem liggur með aðgengilegum hætti út fyrir húskassa. Sé laus þráður innanhúslagnar til viðkomandi notanda fyrir hendi í fjarskiptainntaki skal fjarskiptafyrirtæki tengja heimtaug við hann í stað þess að aftengja tengingu annars fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Einu fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að splæsítengja alla þræði hvernar íbúðar við sína heimtaug.

Hafi fjarskiptafyrirtæki þegar tengst innanhússlögn í inntaki skal það veita greiðan aðgang annars fjarskiptafyrirtækis að tengilista. Hafi fjarskiptafyrirtæki notað splæsítengingu skal það, að beiðni annars fjarskiptafyrirtækis sem hyggst nota þá aðstöðu til splæsítengingar, á grundvelli pöntunar húseiganda, splæsítengja saman heimtaugarstrengenda þess við lausa þræði innanhússlagnar í inntaki, gegn gjaldi. Sé enginn laus þráður í innanhússlögn þar sem splæsítenging hefur verið notuð er húseiganda heimilt að láta aftengja innanhússlögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Fjarskiptafyrirtæki sem aftengir skal tilkynna því fjarskiptafyrirtæki sem fyrir var um aftenginguna eigi síðar innan 10 daga eftir að hún var framkvæmd.

Inntök fjarskiptastrengja skulu vera í samræmi við viðurkennda og viðeigandi ÍST-staðla og í samræmi við fjölda íbúða eða fjölda afmarkaðra athafnasvæða í atvinnubyggingum.

8. gr.

Greinikassar.

Þegar nauðsynlegt er að nota greinikassa vegna mikils fjölda íbúða eða mikils fjölda afmarkaðra athafnasvæða í byggingu skulu þeir vera staðsettir í sameign. Greinikassar skulu vera læsanlegir.

9. gr.

Aðgangur að innanhússlögnum.

Húseigendur skulu heimila starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja eða iðnmeistara sem hafa réttindi til að vinna við fjarskiptalagnir, aðgang að sameign þar sem eru innanhússlagnir fyrir fjarskipti, ef aðili í viðkomandi byggingu hefur óskað eftir þjónustu þeirra. Húseigandi getur krafist þess að starfsmaður fjarskiptafyrirtækis eða iðnmeistara framvísi skilríkjum.

Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt að setja upp inntak fjarskiptastrengja í byggingu ef fyrir liggur heimild húseiganda.

Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa gert samning við áskrifanda skal heimill aðgangur að innanhússlögnum til að tengja heimtaug sína við innanhússlögn. Óheimilt er að frátengja annað fjarskiptafyrirtæki frá línu áskrifanda nema skrifleg, þ.m.t. rafræn, beiðni áskrifandans þar að lútandi liggi fyrir. Fjarskiptafyrirtæki sem tengir nýjan áskrifanda skal einnig heimill aðgangur að greinikössum, kapalstigum, kapalbökkum og strengjum ef þess gerist þörf vegna uppsetningar á samböndum og þjónustu við áskrifanda. Bera skal beiðni um slíkan aðgang upp við húseiganda eða stjórn húsfélags. Óheimilt er að breyta lögnum nema með skriflegu samþykki húseigenda.

Fjarskiptafyrirtæki, iðnmeistarar sem hafa réttindi til að vinna við fjarskiptalagnir og starfsmenn þeirra sem að beiðni húseiganda eða einstakra áskrifenda annast viðhald innanhússlagna, skulu eiga rétt á aðgangi að sameign þar sem eru lagnir, inntök og greinikassar.

10. gr.

Frágangur við húskaða og greinikassa fjölbýlishúsa.

Í fjölbýlishúsum og atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn áskrifandi er staðsettur í sama húsi skulu inntök vera lokað og læst í kassa eða skáp. Sama gildir um greinikassa. Engum er heimilt að opna kassa eða skápa nema starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja, iðnmeistara sem hefur réttindi til að vinna við fjarskiptalagnir eða starfsmönnum þeirra sem hafa lögmæta ástæðu til aðgangs að innanhússlögnum í samræmi við reglur þessar. Þegar viðkomandi hefur lokið vinnu skal hann loka og læsa kassa eða skáp aftur.

11. gr.

Vinnuseðlar.

Allir aðilar sem inna af hendi vinnu við innanhússlagnir og opna hús- og greinikassa eða ídráttar- og tengidósir skulu útfylla vinnuseðla um unnin verk. Fyrirmynd að slíkum vinnuseðli er að finna í viðauka við reglur þessar. Vinnuseðlana skal geyma í að minnsta kosti tvö ár. Komi upp mál er varðar aðgang að innanhússlögnum skal afhenda Póst- og fjarskiptastofnun, að beiðni hennar, afrit af vinnuseðlum sem geta snert málið.

12. gr.

Leynd fjarskipta.

Öllum sem starfa við innanhússlagnir fyrir fjarskipti er skylt að virða ákvæði 47. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003.

13. gr.

Eftirlit og úttektir.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að frágangur fjarskiptafyrirtækja sé í samræmi við ákvæði reglnanna.

Er stofnuninni heimilt að framkvæma úttekt á verkþáttum þeim er reglurnar mæla fyrir um. Komi fram atriði við úttekt sem Póst- og fjarskiptastofnun telur þarfnast úrbóta skal stofnunin gera fjarskiptafyrirtækinu viðvart og veita því hæfilegan frest til að framkvæma úrbætur.

14. gr.

Upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun, að beiðni stofnunarinnar, nauðsynlegar upplýsingar um frágang innanhússfjarskiptalagna. Einnig upplýsingar er varða heimtaugar og samtengipunkta.

15. gr.

Viðurlög.

Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt 74. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003.

16. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 60. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku regnanna falla úr gildi eldri reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1109/2006.